

17. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 25. maí 2020 í Húppusal í Félagsheimilinu á Flúðum og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Skýrsla vegna jarðhitakerfa.

Á fundinn mætir Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur og fór yfir skýrslu sína vegna breytinga á jarðhitakerfinu á Flúðum og greiningu á mögulegu samspili jarðhitakerfa á Flúðum og Kópsvatni. Í máli hans kom fram að litlar eða engar líkur séu á tengslum jarðhitakerfanna á Flúðum og Kópsvatni.

Veitustjórn þakkar Hauki fyrir greinargóða skýrslu og yfirferð um málið.

2. Vatnsöflun fyrir Hitaveitu Flúða.

Hannibal fór yfir stöðuna frá síðasta fundi og þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um mismundi valkosti.

- Grafarholan:

Fyrir fundinum liggur fyrir fundargerð stjórnar Hitaveitu Grafarhverfis ehf (HG) frá 20. maí s.l. og minnisblað frá tveimur stjórnarmönnum HG vegna svara við spurningum veitustjórnar. Svör HG við fyrirspurnum veitustjórnar eru þau að eigendur 20% hluthafa eru ekki tilbúnir til að selja en aðrir hluthafar hafa áhuga á því. Varðandi aðrar hugmyndir um nýtingu holunnar kom fram að eigendur HG eru áhugasamir um að selja Hitaveitu Flúða óskiljað vatn frá holutoppi eða mögulega selja skiljað vatn til Hitaveitu Flúða.

Veitustjórn samþykkir að halda áfram með samningaviðræður og nánari útfærslur.

- Borun á Flúðum:

Fyrir liggur hönnun í borholu á Flúðum. Veitustjórn felur veitustjóra að fá formleg tilboð í borun holunnar í samræmi við hönnunargögn.

- Nýting á vatni frá Kópsvatnsholunni.

Veitustjóri fór yfir stöðuna og er hönnun í fullum gangi.

3. Hrunaljós.

Sveitarstjóri og veitustjóri fóru yfir stöðuna varðandi framkvæmdir við lagningu ljósleiðara í Flúðahverfið eftir síðasta fund. Fyrir liggur einingarverð frá Gröfutæki ehf um einstaka verkþætti vegna jarðvegframkvæmda og staðfesting á því að verktakar í sveitarfélaginu hafi ekki áhuga á að taka þátt í þessu verki. Veitustjórn felur sveitarstjóra og veitustjóra að ganga til samninga við Gröfutækni um verklegar framkvæmdir á Flúðum á grundvelli einingarverðanna en áætlaður kostnaður skv. þeim verðum er 14,7 millj. með VSK.

4. Frumvarp til laga um styrk við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga.

Fyrir liggur beiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Veitustjórn tekur undir bókun sveitarstjórnar um málið.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið kl. 16:40.